

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 41/1999, um Háskóla Íslands.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Rektor skipar þriggja manna dómnefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda um kennara- og sérfræðingsstörf. Háskólaráð tilnefnir einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan og deild sú eða stofnun sem starfið er við hinn þriðja og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Rektor er heimilt að skipa dómnefndir til þriggja ára í senn fyrir hvert af meginfræðasviðum háskólans eða einstakar deildir eða stofnanir. Háskólaráð tilnefnir þá einn mann í hverja dómnefnd og menntamálaráðherra annan. Skal sá sem tilnefndur er af háskólaráði vera formaður dómnefndar og sá sem tilnefndur er af menntamálaráðherra varaformaður. Varamenn þeirra skulu skipaðir með sama hætti. Þriðji nefndarmaðurinn er sérfræðingur, tilnefndur af viðkomandi deild eða stofnun, sem skipaður er sérstaklega til þess að fara með hvert ráðningarmál. Í dómnefndir má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraþrófi úr háskóla eða jafngildu námi.

b. Við 7. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Háskólaráð getur mælt svo fyrir í reglum um að undanþiggja megi auglýsingu störf sem byggjast á sérstökum tímabundnum styrkjum, störf sem tengjast sérstökum tímabundnum verkefnum, störf sem nemendur gegna við háskólann samhliða rannsóknartengdu framhaldsnámi og störf við háskólann sem tengjast tilteknu starfi utan hans á grundvelli samstarfssamnings.

#### 2. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögumum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við yfirtöku Háskóla Íslands á verkefnum Norrænu eldfjallastöðvarinnar skal rektor Háskóla Íslands bjóða starfsmönnum Norrænu eldfjallastöðvarinnar störf við sambærileg verkefni innan háskólans og þeir höfðu hjá Norrænu eldfjallastöðinni. Sameiginlegar reglur háskólans gilda um störf sem boðin eru samkvæmt þessu ákvæði. Heimilt er þó að bjóða starf án þess að fyrir liggja hæfnismat dómnefndar skv. 12. gr., enda megi telja augljóst að viðkomandi uppfylli hæfniskröfur sem að lágmarki eru gerðar til háskólakennara og sérfræðinga. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 12. maí 2004.*

**Davíð Oddsson.**

**Halldór Blöndal.**  
(L. S.)

**Markús Sigurbjörnsson.**

*Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.*